Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

# ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN
## AFHENDING Á BESSASTÖÐUM Í DAG

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag, miðvikudaginn 13. júlí, afhenda Íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn sem hefst á Bessastöðum kl. 16:00.

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnamanna (FISOS) standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár safni, sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr. Dómnefnd velur þrjú söfn úr innsendum tilnefningum sem berast frá almenningi, félagasamtökum og fagaðilum. Dómnefndin er skipuð fulltrúum félaganna tveggja og fulltrúa frá því safni sem síðast hlaut verðlaunin.

Í ár eru Byggðasafn Skagfirðinga, Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn og sýningin Sjónarhorn í Safnahúsinu tilnefnd til verðlaunanna.

Fjölmiðlum er boðið að senda fulltrúa sína á athöfnina á Bessastöðum.

*13. júlí 2016*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir (697 9810).*